

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/321  
komudagur 1.12.2004

Umhverfisnefnd Alþingis  
Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2004

**Varðar:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997 með síðari breytingum, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.

Arkitektafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997 með síðari breytingum, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.

Laganefnd Arkitektafélagsins hefur kynnt sér drögin og fjallað um þau í samráði við stjórn AÍ. Hér með fylgir umsögn laganefndar Arkitektafélags Íslands.

Virðingarfyllst,  
f.h. Arkitektafélags Íslands



Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

## Umsögn Laganefndar Arkitektafélags Íslands:

### Almennt álit

Í öllum grundvallaratriðum falla ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum svo og frumvarp til breytinga á þeim undir markmið skipulags- og byggingarlaga sbr. 1. gr. Til að lagaumhverfi þeirra sem starfa að umhverfis-, skipulags- og byggingamálum sé skýrt og aðgengilegt er æskilegt að skipulags- og byggingarlög verði endurskoðuð og ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum verði felld þar inn.

### 235. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum. Athugasemdir laganefndar AÍ.

Í II. Kafla, 20. gr. er kveðið á um sérstaka eftirlitsnefnd með að skilyrðum um framkvæmd sé framfylgt.

Ekki kemur fram hvaða reglur gilda um skipun nefndarmanna, starfsreglur nefndarinnar, eða úrræði sem grípa beri til.

Í athugasemdum við 20. gr. segir að slík nefnd hafi ekki þvingunarúrræði eins og sveitarstjórn og byggingarnefnd.

Óljóst er hvert hlutverk og verksvið nefndarinnar er.

Í 21. gr. er kveðið á um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og hvernig hún skuli skipuð.

Þar segir m.a. að Hæstiréttur skipi þrjá menn þar sem einn þeirra skuli hafa háskólapróf á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði og þriðji á sviði umhverfismála.

Háskólapróf á sviði skipulagsmála spannar vitt svið menntunar s.s. landafræði, landslagsarkitektúr, arkitektúr og skipulagsfræði. Í því ljósi þykir því rétt að skilgreina hæfi viðkomandi nánar og gera ítarlegri kröfur, til að kærunefndin geti sinnt hlutverki sínu eins og best er á kosið.

Auk háskólaprófs á sviði skipulagsmála verði gerð krafa um að viðkomandi hafi reynslu bæði af byggingar- og skipulagsmálum, og hafi fengið löggildingu hönnuða sbr. 48. og 49. gr. skipulags og byggingarlaga og leyfi umhverfisráðherra til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd sbr. 18. og 25. gr. byggingarreglugerðar.

Einnig hafi viðkomandi réttindi til að sinna skipulagsgerð sbr. gr. 2.7 í skipulagsreglugerð.

Þá má ljóst vera að tæknileg sérþekking á sviði byggingarmála s.s. byggingaverkfræði eða byggingatæknifræði muni koma úrskurðarnefnd til góða í úrlausn þeirra mála sem fyrir hana koma.

Virðingarfyllst,

01. 12. 2004

Laganefnd Arkitektafélags Íslands